

## 2006 nr. 68 14. júní

### Lög um stofnun Matvælarannsókna hf.

Tóku gildi 30. júní 2006. Breytt með l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málfnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra eða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti sem fer með lög þessi.

#### ■ 1. gr.

□ Ríkisstjórninni er heimilt að stofna hlutafélag, sem nefnist Matvælarannsóknir hf., um rekstur Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Matvælarannsókna Keldnaholti, sbr. samstarfs-samning milli Iðntækinstofnunar og Landbúnaðharháskólans, og rannsóknastofu Umhverfisstofnunar.

□ Við stofnun félagsins skal allt hlutafé þess vera í eigu íslenska ríkisins og stofnfé ákvæði í fjárlögum.

#### ■ 2. gr.

□ Tilgangur félagsins er að sinna rannsóknum og nýsköpun á svíði matvæla í þágu atvinnulífsins, lýðheilsu og matvælaöryggis og fjármálagrei umsýslu á grundvelli laga og reglugerða sem um þetta gilda, svo og að reka aðra skylda starfsemi.

□ Tilgangi og verkefnum félagsins skal nánar lýst í samþykktum þess. Heimilt er félaginu að stofna nýtt félag eða félög sem verði í eigu þess til að annast ákvæðna þætti starfseminnar. Þá skal því einnig heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum.

□ Félaginu er heimilt að gera samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmaston hátt skv. 1. mgr.

#### ■ 3. gr.

□ Ákvæði laga um hlutafélög gilda um félagið ef ekki er kveðið á um annað í lögum þessum.

#### ■ 4. gr.

□ Stjórn félagsins skal skipuð sjö mönnum. Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert. [Ráðherra]<sup>1)</sup> fer með eignarhlut ríkis-sjóðs í félaginu.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 432. gr.

#### ■ 5. gr.

□ Þegar starfsemi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Matvælarannsókna Keldnaholti og rannsóknastofu Umhverfisstofnunar verður lögð niður, sbr. 1. gr., fer um réttindi og skyldur starfsmanna þeirra eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðila-skipti að fyrirtækjum, eftir því sem við á. Félagið skal bjóða störf öllum starfsmönnum framangreindra ríkisstofnana.

□ Um biðlaunarétt, sem kann að hafa fylgt störfum í framangreindum ríkisstofnunum, gilda ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

#### ■ 6. gr.

□ Starfsmaður Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Matvælarannsókna Keldnaholti eða rannsóknastofu Umhverfisstofnunar, sem hefur áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna skv. 24. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og ræðst til starfa hjá hlutafélaginu með minnst þriggja mán-aða uppsagnarfresti í hálf starf eða meira getur ekki hafið tóku lífeyris fyrr en hann lætur af því starfi.

#### ■ 7. gr.

□ Matvælarannsóknum hf. er skylt að halda uppi tilskilinni öryggispjónustu á svíði matvælarannsókna í þágu landsmanna sem nánar er skilgreind í samningi við félagið. Félaginu er skylt að framkvæma rannsóknir vegna matvælaeftirlits á vegum hins opinbera eftir því sem nánar kveður á í samningi.

#### ■ 8. gr.

□ Félagið skal hefja rekstur 1. janúar 2007.

#### ■ 9. gr.

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### ■ 10. gr. . .

#### Ákvæði til bráðabirgða.

##### ■ I.

□ Á stofnundi félagsins, sem haldinn skal fyrir 1. júlí 2006, skipar sjávarútvegsráðherra félaginu stjórn sem starfar fram að fyrsta aðalfundi, sbr. 4. gr.

##### ■ II.

□ Sjávarútvegsráðherra skipar nefnd þriggja óvilhallra manna þar sem sitji a.m.k. einn löggiltur endurskoðandi. Hlutverk nefndarinnar er að meta eignir og skuldir sem tengjast rekstri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Matvælarannsókna Keldnaholti og rannsóknastofu Umhverfisstofnunar og færðar verða samkvæmt ákvörðun hlutaðeigandi ráðherra til félagsins. Niðurstöður nefndarinnar skulu liggja fyrir eigi síðar en 1. nóvember 2006.

##### ■ III.

□ Stjórn Matvælarannsókna hf. annast undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna starfsemi félagsins.

##### ■ IV.

□ Prátt fyrir ákvæði 8. gr. er heimilt að viðhalda Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins sem lögðaðila án starfsemi vegna uppgrjörs og aðildar að sammingum sem ákvörðun hefur verið tekin um fyrir 1. janúar 2007.